

3. Færni aðstoðarfólks - óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir

3.a. Að bjóða val

Í þessum kafla er rætt um færni sem aðstoðarfólk þarf að hafa til þess að geta tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans sem kynnt voru í kafla 2.

Fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning notar oft óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Það tjáir sig kannski með svipbrigðum eða hljóðum eða það tjáir sig óhefðbundið með orðum þannig að það segir eitt en meinar annað. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að færni aðstoðarfólks í að skilja og nota óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir notanda skipti sköpum í því hversu vel þeim tókst að taka hlutverk milliliðsins eða stuðningsaðilans. Þessi færni skipti ekki síst máli í tengslum við þá aðstoð sem notandi þurfti við að fara með sjálfræði sitt. Það reynir meðal annars á aðstoðarfólkið að geta boðið notanda val við sem flestar aðstæður og að geta sett valið þannig fram að notandi hafi raunverulegt tækifæri til að tjá vilja sinn.

Oft dugar ekki að spyrja bara með orðum. Það þarf að gera valmöguleikana og valið sýnilegra og gefa meiri tíma til að svara heldur en í hefðbundnum samskiptum. Það má til dæmis gera með því að nota hluti, myndrænar valtöflur á pappírformi eða gagnvirkar í spjaldtölvu eða síma, eða með því að skrifa valmöguleikana á miða. Það er mikilvægt að reyna að finna út hvaða leið hentar notanda best til að velja.

Verkefni: Vinnið saman tvö og tvö og hugsið um einn notanda sem þið þekkið bæði vel og sem notar ekki hefðbundið talmál. Reynið að svara eftirfarandi spurningum og útbúið síðan gögnin:

- Hvaða leið hentar honum/henni best til að velja?
- Í hvaða aðstæðum væri hægt að auka val notanda? Hvaða valmöguleikar myndu höfða til hans/hennar í þessum aðstæðum?
- Útbúið gögnin sem þarf til að framkvæma valið.